

Eiríkur Björn Björgvinsson,
bæjarstjóri Akureyrarbæjar
Geislagötu 9,
600 Akureyri

2017-09-13/10.8.3
04.10.2017

Efni: Stofnun verkefnaráðs vegna Hólasandslínu 3

Landsnet vinnur nú að undirbúningi Hólasandslínu 3 frá Akureyri að Hólasandi. Tillaga að matsáætlun er til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun og búast má við niðurstaða liggja fyrir á næstu vikum. Til að flýta verkefninu er vinna við næsta verkþátt, þ.e. frummatsskýrslu þegar hafin.

Hólasandsslína 3 fer um allt að 80 km leið og snertir hagsmuni margra. Það er Landsneti mikilvægt að vinna að undirbúningi verkefnisins í samráði og samvinnu við aðila í nærsamfélaginu. Við viljum því setja á fót verkefnaráð, þ.e. samráðsvettvang þar sem helstu hagsmunaaðilar koma saman með reglulegu millibili. Verkefnaráðinu er ætlað að tryggja virkara samtal, aukin skilning og betra upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdina. Þannig nást bein og milliliðalaus skoðanaskipti við íbúa auk hins hefðbundna samráðs við sveitarstjórnir.

Hjá Landsneti hefur verið unnið að hagsmunaaðlagreiningu vegna verkefnaráðsins og unnið í samræmi við það sem gert hefur verið í sambærilegum fyrirtækjum erlendis. Hér að neðan má sjá samantekt yfir þá aðila sem við teljum að rími best við þær áherslur sem lagt er upp með en horft er til þess að sem mest jafnvægi sé innan ráðsins og sjónarmið sem flestra heyrast sem og jafnvægi er varðar kyn og aldurssamsetningu.

Erindi þessa bréfs er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að kynna verkefnaráð til sögunnar, markmið þess og hvernig samsetning og starfssemi rími sem best við þær áherslur sem lagt er upp með. Í öðru lagi óskum við eftir ábendingum frá ykkur ef einhverjar eru, að aðilum inn í ráðið auk þeirra sem listaðir hafa verið upp hér að neðan. Í þriðja lagi óskum við eftir þátttöku ykkar í verkefnaráði vegna Hólasandslínu 3

Tillaga Landsnets að skipan í verkefnaráðs vegna Hólasandslínu 3 er að eftirtaldir aðilar eigi fulltrúa í ráðinu:

Sveitarfélög á línuleiðinni:


- Akureyrarkaupastaður
- Eyjafjarðarsveit
- Þingeyjarsveit
- Skútustaðahreppur
- Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar
- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga
- Eyþing Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum
- Markaðsstofa Norðurlands
- Skógræktarfélag Eyfirðinga
- Þekkingarnet Þingeyinga

Frá Landsneti munu sitja í ráðinu verkefnastjóri Hólasandslínu 3 og samráðsfulltrúi Landsnets auk þess sem að kallaðir verða inn aðilar í takt við viðvangsefni ráðsins hverju sinni. Þar er verið að horfa til bæði sérfræðinga á vegum Landsnets sem og annarra aðila utan fyrirtækisins sem geta veitt upplýsingar, ráðgjöf eða annað sem komið getur að góðum notum við vinnu verkefnaráðsins.

Tillaga Landsnets er að verkefnaráð komi saman eftir þörfum á meðan verkefninu stendur, þ.e. frá undirbúningi og þar til framkvæmdum við rafliðu er lokið. Áformað er að ráðið taki til starfa um leið og skipan í ráðið liggur fyrir.

Hægt er nálgast frekari upplýsingar hjá undirritaðri í síma 563-9300 eða á netfangið elins@landsnet.is. Við vonum að jákvætt verði tekið í beiðni okkar um samvinnu á vettvangi verkefnaráðsins og óskum eftir tilnefningu fulltrúa frá Akureyrarbæ í ráðið. Við leggjum áherslu á jafnvægi á öllum sviðum þannig að óskað er eftir að tilnefnd séu bæði karl og kona til að hægt sé að stilla ráðinu upp þannig að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Þess er vinsamlegast óskað að tilnefning liggja fyrir eigi síðar en 19. október nk.

Virðingarfyllst,



Elín Sigríður Óladóttir
Samráðsfulltrúi á Þróunar- og tæknisviði

AKUREYRARBÆR
Mótt.: 10.10.2017
Málsnr.: 2017/000149
Lykill: